


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Ágúst 2025


Fylgi flokka ef kosið yrði til **Alþingis** í dag




Stuðningur við ríkisstjórn



Stuðningur við stjórnarflokka



Fylgismæling - afstaða



Samfylking áfram í sókn og stuðningur við ríkisstjórnina eykst - Fylgi Sjálfstæðisflokks og Sósíalístaflokks minnkar og fylgi Framsóknarflokks ekki mælt minna

Helsta breyting milli mælinga er að fylgi Samfylkingarinnar eykst um nær þrjú prósentustig og fylgi Sjálfstæðisflokksins minnkar um næstum tvö prósentustig. Fylgi annarra flokka breytist lítið eða á bilinu 0,2-0,8 prósentustig og eru breytingarnar ekki tölfræðilega marktækar fyrir utan lækkun hjá Sósíalístaflokki. Tæplega 35% kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag og er það sama hlutfall og Samfylkingin hefur mest mælt með í Þjóðarpúlsi Gallup, í febrúar 2008. Nær 19% kysu Sjálfstæðisflokkinn, hátt í 15% Viðreisn, tæplega 11% Miðflokkinn og næstum 7% Flokk fólksins. Nær 5% kysu Framsóknarflokkinn en fylgi hans hefur ekki mælt lægra síðan mælingar Gallup hófust í júní 1992. Tæplega 4% kysu Pírata, ríflega 3% Vinstri græn, rösklega 2% Sósíalístaflokk Íslands og tæplega 1% aðra flokka.

Líðlega 7% myndu skila auðu eða ekki kjósa og rúmlega 12% taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Rúmlega 65% þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina, sem er rösklega tveim prósentustigum meira en í síðasta mánuði.

Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 1. - 31. júlí 2025. Heildarúrtaksstærð var 11.541 og þátttökuhlutfall var 43,6%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,5-1,5%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drifa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.